

# Álagning gjalda 2018

**Útsvarshlutfall** árið 2018 er 12,44%.

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að skattprósenta skuli vera eins og að neðan greinir

**Fasteignaskattur A**, 0,475% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

**Fasteignaskattur B**, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

**Fasteignaskattur C**, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

**Lóðaleiga** á Borgarsvæði er 1% af lóðamati.

Afsláttur er af fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar eða meira og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign.

Afslættir vegna fasteignagjalda 2018 hjá elli- og örorkulífeyrisþegum:

| <b>Tekjur einstaklinga</b>          | <b>Tekjur hjóna</b>                 | <b>Niðurfelling</b> |
|-------------------------------------|-------------------------------------|---------------------|
| Allt að 2.566.000 kr.               | Allt að 3.844.000 kr.               | 100%                |
| Milli 2.566.001 kr. – 2.981.000 kr. | Milli 3.844.001 kr. – 4.426.000 kr. | 75%                 |
| Milli 2.981.001 kr. – 3.451.000 kr. | Milli 4.426.001 kr. – 5.009.000 kr. | 50%                 |
| Milli 3.451.001 kr. – 3.844.000 kr. | Milli 5.009.001 kr. – 5.603.000 kr. | 25%                 |

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 7 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. september.